

Fundur í skólaráði í Glerárskóla mánudaginn 13. maí 2024 kl.15:00

Mættir: Eyrún skólastjóri, Tómas Lárus deildarstjóri, Esther fyrir hönd kennara, Brynja fyrir annað starfsfólk, og Sveinbjörg Smáradóttir fyrir stjórn foreldrafélagsins og Einar fyrir hönd hverfisráðs.

Hverfisnefndir á Akureyri hafa verið lagðar niður. Aðeins eftir í Hrísey og Grímsey.

Skóladagatal þegar samþykkt og komið á heimasíðu.

10. Bekkur að fara í skólaferðalag 21.-23. maí, fara á Bakkaföt.

Próf í unglingadeild og UFA mót hjá 4.-7. bekk. Vorhátíð framundan 31. Maí

Framkvæmdir við nýju álmuna ganga vel, vonumst til að geta farið að flytja fyrstu dagana í júlí og flytja úr Rósenborg starx eftir skólaslit.

Starfsmannamál, auglýst eftir heimilisfræðikennar og kennara á yngsta stig og búið að ráða í báðar. Einnig auglýst eftir stuðningsfulltrúa, talsvert um erlendar umsóknir og örfáar íslenskar. Þurfum að vinna úr því. Eru að koma nemendur í Frístund næsta ár sem munu þurfa töluverða hjálp .

Skólaslit 5. Júní 1.-4. Klukkan 9 og 5.-7. Kl.10 og 8.-10. bekkir kl. 16:00 í Gleráarkirkju.

Sendum út fréttabréf til foreldra og setja vorhátíðina þar inn.

Önnur mál. Rekstur gengur vel, er innan rammans. Þannig höfum við smá svigrúm í haust.

Búnaðarkaup fyrir nýja álmu í gangi, töluverðar fjárhæðir sem fara í það. Verður gengið frá lóð í sumar, en skólalóðin sjálf bíður eitthvað.

Sveinbjörg: hversu mörg börn í skólanum eru fædd erlendis, gætu verið 10-15. Spurt hve við fáum mikið með þeim af fjármagni. Þar kemur ÍSAT inn í og stoðþjónusta.

Þetta er síðasti fundur skólaársins.

Fleira ekki rætt og fundi slitið